

18
30. marz **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá um Minningarsjóð Björns Bjarnarson, sýslumanns í Dalasýslu, og frú Guðnýjar Bjarnarson konu hans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. marz 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Björns Bjarnarson sýslumanns í Dalasýslu og frú Guðnýjar Bjarnarson konu hans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Björns sýslumanns Bjarnarson og frú Guðnýjar Bjarnarson“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum Dalasýslubúum til minningar um fyrrverandi sýslumann Björn Bjarnarson og konu hans frú Guðnýju Bjarnarson á Sauðafelli.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 454.00 — fjögur hundruð fimmtíu og fjórum krónum — og er gert ráð fyrir að honum geti, auk árlegra vaxta, hlotnast tekjur af tillögum eða gjöfum einstakra manna eða félaga, er kynnu að vilja taka þátt í honum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla með styrkveitingum andlega eða verklega menning í Dalasýslu, sérstaklega að því er landbúnað snertir.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði, unz hann er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur, —; úr því má verja $\frac{4}{5}$ vaxtanna til styrkveitinga, en $\frac{1}{5}$ þeirra skal leggja við höfuðstólinn, er ekki má skerða á meðan sjóðurinn er að vaxa upp í kr. 100000,00 — eitt hundruð þúsund krónur —. Þegar sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, má verja helming hans til styrkveitinga í stórum stíl, og skal ávallt svo með hann farið upp frá því, að kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — séu aldrei skertar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávallt vera í höndum sýslunefndar Dalasýslu; ræður hún hvar hann er ávaxtaður og annast reikningsskil hans, er birta skal opinberlega, eins og annara opinberra sjóða. Þegar til styrkveitingar kemur úr sjóðnum, skal hún falin nefnd þriggja manna, er hafi hana síðan á hendi;

skal nefnd sú skipuð einum manni kosnum af sýslunefndinni, einum kosnum af búnaðarfélögunum og einum kosnum af skólanefndum í Dalasýslu eða á því svæði, sem sýslan tekur nú yfir. Þegar styrkveitingarnefnd ber að kjósa í fyrsta sinni, skal sýslunefnd tilkynna það hlutaðeigendum. Kosning gildir til 3 ára og gengur 1 úr nefndinni árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti, sem sýslunefndin lætur fram fara.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ketilsstöðum, 14. des. 1929.

Ásgeir Ásgeirsson,
prófastur í Hvammi.

Helgi Guðmundsson,
hreppstjóri á Ketilsstöðum.

REGLUGERÐ

19
4. apríl

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Stokkseyrarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaupþúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kys til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppsstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI.

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Stokkseyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, brunalúður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu